



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2015

## ENSK2HC05 Hagnýt enska

<b>Kennari:</b>	<b>Kristjana Hrund Bárðardóttir, Paola Ýr Daziani</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>KHB, PD</b>
-----------------	---	---------------	----------------

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða unnin fjölbreytt verkefni sem leggja áherslu hina fjóra færnipætti tungumálanáms þ.e. lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Mest áhersla er lögð á orðaforða og ritun. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði uppbyggingu og orðaforða.

**Undanfari:** ENSK2HB05 - ENSK2HA05

### Þekkingarviðmið:

#### Þekking í lok annars þreps:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt

- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

### Námsefni:

The Hunger Games, Suzanne Collins

Efni frá kennara og á neti.

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil** verður ákveðin síðar.

### Sérreglur áfangans:

Kennsluvefurinn **Moodle** verður fyrst og fremst notaður sem upplýsingabanki áfangans. Þar verður haldið utan um allt efnið sem kemur í staðinn fyrir kennslubók. Þangað skulu nemendur sækja gögn, svo sem kennsluáætlun, æfingar, verkefni, lesefni og fl. Sérstaklega mikilvægt er að leita eftir upplýsingum og gögnum á Moodle ef nemendur missa úr tíma.

**Skilaskylda er á öllum verkefnum.** Nemendur sem missa af prófi og eru löglega afsakaðir þreyta það próf í lok annar. Ef ekki er um leyfi í Innu að ræða er **gefin einkunnin 0/núll**. Athugið að **þessar reglur gilda einnig um nemendur sem hafa rýmri mætingarreglur og þeir verða að mæta í þessi próf eins og aðrir**. Ef um er að ræða verkefni sem er unnið heima, lækkar einkunnin um 0,5 fyrir hvern virkan dag sem verkefnaskil dragast. **Nemendur sem eru með 8,0 eða hærra í annareinkunn þurfa ekki að þreyta lokapróf.**

### Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
The Hunger Games	próf / verkefni	10%
Munnlegt		10%
Kvikmyndaverkefni		5%
Ýmis verkefni		25%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**